

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 24. september kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1176. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigurður Stefán Karlsson og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Akurgerði 9 - USK24060209

Sótt er um leyfi til að setja svalir og byggja vinnustofu við hús á lóð nr. 9 við Akurgerði. Stækkun 34,0 ferm og 109,6 rúmm. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

2. Austurstræti 10A - USK24090156

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð á lóð nr. 10a við Austurstræti. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Álfabakki 2A - USK24070291

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að breyta útliti glugga og handriða, bæta við fituskilju ásamt því að skipta hljóðmön út fyrir hljóðvegg og fjölga bílastæðum auk breytinga á innra fyrirkomulagi á 1. hæð og í bílakjallara húss á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Erindi fylgir greinargerð brunavarna dags. 2. júlí 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst sl.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. Álfaland 15 - USK24070263

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061548 með því að byggja viðbyggingu til suðurs, breyta innra skipulagi og gera 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 15 við Álfaland.

Stækkun: 28,8 ferm., 150,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar, mæliblað dags. 29. október 1981 og yfirlit breytinga dags. 25. mars 1982.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stækkun 28,8 ferm og 150,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

5. Ármúli 30 - USK24090289

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070307 þannig að sótt er um breytingar vegna lokaúttektar á lóð nr. 30 Við Ármúla.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

6. Árskógar 5 - USK24080238

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23080089 þannig að bætt er við svalalokunum á íbúðir 1.- og 4. hæðar í fjölbýlishúsum nr. 5 og 7 á lóð nr. 5-7 við Árskóga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. maí 2021 og á óstimpluðum aðaltekningum dags. 20. september 2023.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

7. Barmahlíð 43 - USK24090042

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060666 með því að þakhalli á gaflum er breytt og komið fyrir kvisti og stigi að rishæð færður til í húsi á lóð nr. 43 við Barmahlíð.

Eftir breytingu: 465,5 ferm., 1.248 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

8. Barmahlíð 45 - USK24090043

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060666 með því að þakhalli á gaflum er breytt og komið fyrir kvisti og stigi að rishæð færður til í húsi á lóð nr. 45 við Barmahlíð.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 463,9 ferm., 1.254 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

9. Barónsstígur 34 - USK23100362

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN023050245 með því að bæta við einni leikskóladeild þannig að rými verður fyrir 80 börn í leikskóla, mhl. 04, á lóð nr. 34 við Barónsstíg.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 31. október 2023.

Stækkun mhl. 04: 162 ferm., 521,9 rúmm.

Eftir stækkun: 792 ferm., 2.551,7 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. Bergstaðastræti 50B - USK24070299

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að tveir gluggar hafa verið síkkaðir, nýjar tröppur gerðar á suðurhlið, allir gluggar færðir í upprunalegt horf og klætt með timbri, íbúðarhús á lóð nr. 50B við Bergstaðastræti.

Stækkun: 44,8 ferm., 91,2 rúmm.

Eftir stækkun: 162,7 ferm., 470,3 rúmm.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 23. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

11. Bergstaðastræti 57 - USK24080069

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á norðausturhlið einbýlishúss, einnig að lækka gólf í kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir deiliskipulag dags. 3. febrúar 2010

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2024 fylgir erindi

Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 19 ágúst 2024 fylgir erindi

Stækkun: 5 ferm., 55 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Bergstaðastræti 57 - USK24080308

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á einbýlishúsi á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja steypa stoðveggi í stað timburgrindverks í húsi nr. 13 við Bjarmaland.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Borgartún 41 - USK24090172

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061778 þannig að innra skipulagi í geymsluhluta kjallara er breytt, reyklúgur uppfærðar, svalalokanir gerðar á allar svalir og skráning uppfærð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 41 við Borgartún.

Stærð, A-rými: 14.394,6 ferm. + 459,6 ferm., 50.200 rúmm.

B-rými: 213,1 ferm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Brautarholt 4 - USK24060206

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. og 3. hæðar í gistiheimili með því að fjölga herbergjum bæta við starfsmannaaðstöðu og eldhúsi á lóð nr. 4 við Brautarholt.

Erindi fylgir Hæðarblað 1.241.2 dags. 10. september 2020 og yfirlit breytinga dags. 11. desember 2018.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Drafnarstígur 3 - USK24070228

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061633 með því að stækka kjallara og 1. hæð, innrétta íverurými í kjallara, grafa frá austurgafli og gera glugga og hurðir á kjallara einbýlishúss á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 19. júlí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. júní 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024.

Stækkun: 33,5 ferm., 121,9 rúmm.

Eftir stækkun: 248,9 ferm., 745,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Eirhöfði 8 - USK24090157

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 133 íbúðum á bílakjallara með 83 stæðum á lóð nr. 8 við Eirhöfða.

Erindi fylgir mæliblað, brunahönnun frá Örugg dags. 15. júlí 2024, greinargerð um algilda hönnun ódagsett og greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. júní 2024.

Einnig eru lagðar fram skilmálabreyting deiliskipulags dags. 30 maí 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2024,

Stærð, A-rými: 16.791,1 ferm., 52.067,1 rúmm.

B-rými: 970,9 ferm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Eyjarlóð 1 - USK24050177

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, rými 0201, koma fyrir tvennum svölum á suðurhlíð, breyta gluggasetningu, endurnýja þak og klæða að utan með dökkri áklæðingu suðurhluta vörugeymslu við Hólmaslóð 2A, mhl.01, á lóð nr. 1 við Eyjarlóð.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 16. maí 2006.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Ferjuvogur 2 - USK24090193

Sótt er um leyfi til að gera nýja milliveggi í tveimur skólastofum á 1. hæð í suðausturhorni Vogaskóla á lóð nr. 2 við Ferjuvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf umsækjanda og yfirlýsing hönnunarstjóra dags. 16. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Funafold 35 - USK24090023

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059294 vegna lokaúttektar þannig að stoðveggur hefur verið byggður á lóðamörkum, saunabygging er orðin tækjageymsla og komið er útiskýli á suðurlóð einbýlishúss á lóð nr. 35 við Funafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga,

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Grandagarður 7 - USK24090141

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090287 með því að setja vatnsstand í stað vasks í starfsmannarými í húsi á lóð nr. 7 við Grandagarð.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi að fjölga eignum, bæta við tveimur nýjum íbúðum í íbúðarhúsi, mhl.01, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs og byggja nýbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara með tveimur íbúðum, mhl.02, á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl.01: 144.9 ferm., 489.4 rúmm.

Stærð Mhl.02: 159.4 ferm., 514.8 rúmm.

Erindi fylgir umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallinn er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, þannig að í húsinu verði fjórar íbúðir, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Stækkun: 131,2 ferm., 489.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júlí 2000 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Gufunesbryggja - Landfylling - Gámatjald/Gufunesbr. - USK24090080

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámatjöld við Gufunesbryggju.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

25. Gæfutjörn 4 - USK24090122

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058799 í mhl. 06, G4 og G6 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 4 við Gæfutjörn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga,

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

26. Hagatorg 1 - USK24090120

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum á 3. og 4. hæð sem snúa að því að breyta hótélrými í skrifstofu og kennslurými í húsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5.júlí 2016 og 25. febrúar 2014.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

27. Hallgerðargata 13 - USK24070264

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 5. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 5. janúar 2021.
Gjald. kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Hrafnhólar - USK24070244

Sótt er um leyfi til að byggja gistiheimili ofaná mhl.12, gróðurhús, mhl. 13 og geymsluskúr, mhl.10 á lóðinni Hrafnhólar.
Stækkun mhl. 10: 48,6 ferm., 171,5 rúmm.
Eftir breytingu: 88,0 ferm., 311 rúmm.
Mhl. 12: 291 ferm., 1.188,4 rúmm.
Mhl. 13: 153 ferm., 578,5 rúmm.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

29. Hraunberg 5A - USK24090213

Sótt er um leyfi til að breyta bílskúr/vinnustofu í íbúðarhúsnæði á lóð nr. 5A við Hraunberg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. október 1980, hæðarblað dags. 17. apríl 1978, mæliblað 4.670.8 dags. 3. júní 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

30. Hraunbær 102A - USK24050106

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og fjölga eignum með því að skipta rýmum 0104 og 0108 upp í x? (vantar fjölda) minni verslunareininga og vinnustofur í verslunar- og íbúðarhúsi við Hraunbæ 102A, mhl. 01 á lóð nr. 102 við Hraunbæ.
Erindi fylgir bréf Fylkis ehf. dags. 10. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti samþykktra aðaluppdráttu og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Hverfisgata 46 - USK24070017

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050207 með því að fjarlægja saunu og breyta innra skipulagi í salerniskjörnum í húsi á lóð nr. 46 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. febrúar 2024.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Hverfisgata 83 - USK24090117

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, eignarhaldi og rýmisnúmerum vegna gerðar eignarskiptasamnings, þannig að íbúð 0003 verður íbúð 0001 og rými sem áður voru í sameign, rými 0002, sem áður var lesstofa, verður geymsla og tilheyrir íbúð 0001 og rými 0001 sem áður var barnapössun verður nú geymsla 0016, auk andyrís með snyrtingu og eldhúskrök sem tilheyrir íbúð 0103 í íbúðarhúsi á lóð nr. 83 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttar samþykktum 30. desember 1993.
Gjald 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Háaleitisbraut 103 - USK24090175

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámi til að geyma búslóð meðan á endurnýjun stendur á lóð nr. 103 við Háaleitisbraut.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Jöfursbás 5, mhl. 04 - USK24090216

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059926 með því að skilja djúpgáma frá kjallaranum og gera að sér matshluta og breyta reyklosun úr bílakjallara, mhl. 04 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

35. Jöfursbás 5B, mhl. 02 - USK24090214

Sótt er um leyfi til að breyta erindi breyta BN060023 vegna lokaúttektar með því að breyta skipulagi eldhúsa, koma fyrir nýjum lagnastokkum og breyta öllum handriðum í glerhandrið í fjölbýlishúsi nr. 5B, mhl. 02 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

36. Jöfursbás 5C, mhl. 03 - USK24090215

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059868 vegna lokaúttektar með því að breyta skipulagi eldhúsa á efstu hæð og breyta svalahandriðum í glerhandrið á fjölbýlishúsi nr. 5C, mhl. 03 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

37. Jöfursbás 5D, mhl. 01 - USK24050383

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060091 vegna lokaúttektar þannig að svalahandrið verða úr gleri, staðsetningu reyklúgu úr bílakjallara, hurðaopnunum og eldhúsum er breytt í fjölbýlishúsi nr. 5D, mhl. 01 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

38. Klettagarðar 11 - USK24080208

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 3. hæð í skrifstofuhúsi á lóð nr. 11 við Klettagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Laugavegur 107 - USK24080227

Sótt er um leyfi til að breyta rými 008 sem áður var kaffistofa í uppvask og færa kaffiaðstöðu stafsmanna í annað húsnæði í húsi á lóð nr. 107 við Laugaveg.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Laugavegur 48 - Matarvagn - USK24060008

Sótt er um stöðuleyfi fyrir matarvagn á lóð nr.48 við Laugaveg.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 15. maí 2024.

Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

41. Ljárskógar 26 - USK24060017

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám á lóð nr. 26 við Ljárskóga.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Lofnarbrunnur 16 - USK24060248

Sótt er um heimild að setja nýja klæðningu og breyta útliti fjölbýlishúss á lóð nr. 16 við Lofnarbrunn.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags.10. júní 2024 , mæliblað 5.055.5 dags. 4. maí 2006, hæðarblað 5.5055.5 dags. mars. 2006 og yfirlit breytinga.

Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Lofnarbrunnur 30 - USK24070125

Sótt er um heimild til að byggja veggir úr steypu og timbri meðfram lóðarmörkum á lóð nr. 30 við Lofnarbrunn.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Miklabraut 100 - USK24090219

Sótt er um leyfi til að byggja hleðslustöðvar og spennustöðvar á mhl. 02 og 03 á lóð nr. 100 við Miklubraut.

Erindi fylgir mæliblað 1.720.2 dags. 3. febrúar 2010.

Stærð, mhl 02: 7,5 ferm., 21,4 rúmm.

Mhl. 03: 7,8 ferm., 22,4 rúmm.

Samtals: 15,3 ferm., 43,8 rúmm.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Miklabraut 100 - Tímabundin gámur - USK24060270

Sótt er um stöðuleyfi fyrir bráðabirgðaspennistöð og 10" gám á lóð nr. 100 við Miklubraut.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Miðtún 11 - USK23110172

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að stækkun húss og bílageymslu, smáhýsi á lóðarmörkum og heitum potti í og við hús á lóð nr. 11 við Miðtún.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september sl., fylgir erindi.

Gjald kr.14. 500.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2024.

47. Móvað 35 - USK24090191

Sótt er um leyfi til þess breyta tilhögun á lóð, koma upp heitum potti og útisturtu og skjólveggjum, stækka og breyta lögun skyggna yfir bílskúr og inngangi, gera opið skýli framan við anddyrið og hjólaskýli við norðaustur hlið, og klæða að utan með málmklæðningu einbýlishús á lóð nr. 35 við Móvað.

Erindi fylgja óstimplaðir aðaluppdrættir dags. 20. júlí 2007 og þrívíddarmyndir frá hönnuði til skýringa á breytingum.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.

48. Nauthólsvegur 100 - Gámar/Nauthólsv. - USK24090081

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 4 gáma á lóð nr.100 við Nauthólsveg.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

49. Njálsgata 1 - USK24090143

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23110085 vegna lokaúttektar þannig að staðsetningu og útfærslu á útblástursröri frá veitingastað, rými 0001, er breytt í íbúðar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 1 við Njálsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttu samþykktum 20. febrúar 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Rauðarárstígur 10 - USK24080168

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir hæðarblað dags. 5. febrúar 2024 og mæliblað 1.240.1 dags. 26. janúar 2023.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Rofabær 43 - USK24080170

Sótt er um leyfi til að endurnýja svalir, handrið og klæðningu á fjölbýlishúsi á lóð nr. 43 við Rofabæ.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Safamýri 58 - USK24080226

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum, með 40 íbúðum og bílageymslu fyrir 32 bíla á lóð nr. 58 við Safamýri.

Mhl. 01, A-rými: 3.299,7 ferm., 10.338 rúmm.

B-rými: 1.623,7 rúmm.

Mhl. 01, samtals: 4.923,4 ferm.

Mhl. 02, djúpgámar: 17,3 ferm., 52,3 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags.18. september 2024, mæliblað dags. 13. september 2024. hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 15. ágúst 2024, útreikningur á varmatapi dags. 5. júlí 2024, merkjalýsing lóðar dags. 11. júlí 2024, umsókn um leyfi til að gera prufuholur dags. 19. ágúst og skýringar frá verkfræðistofunni Ferill dags. 31. maí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

53. Samtún 16 - USK24070039

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, gera op í vegg og breyta stiga í húsi á lóð nr. 16 við Samtún.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

54. Silfursléttu 2 - USK24090142

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060165 þannig að skráning er uppfærð, rýmisnúmerum er fækkað, innra skipulagi breytt sem og útliti geymslu- og skrifstofuhúss, einnig er hætt við steypa stoðveggi á lóð nr. 2 við Silfursléttu.

Minnkun: 0.8 ferm, 0.6 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Skarfagarðar 4A - USK24090158

Sótt er um heimild fyrir spennistöð á lóð nr. 4 við Skarfagarðar

Stærð 27,5 ferm., 98,4 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Skarðás - USK24070311

Sótt er um leyfi til að breyta notkunarskilgreiningu lands og til að innrétta kaffistofu og geymslu í gömlu spennistöðvarhúsi á lóðinni Skarðás með landeignanúmer 125749.

Erindi fylgir úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 7. júní 2018 og mæliblað dags. 20. febrúar 2020.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Skrauthólar 5 - USK24080326

Sótt er um leyfi til að byggja einlyft einbýlishús úr timburgrind á lóð nr. 5 við Skrauthóla.

Stærð: 149,5 ferm., 521,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

58. Skólavörðustígur 9 - USK24060067

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun Hegningarhússins á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg, mhl.01, og innréttu verslun, vinnustofur og sýningarsvæði, einnig er sótt um leyfi til þess að byggja einnar hæðar glerbyggingu á kjallara að hluta, mhl.02, meðfram gamla fangelsismúrnum og innréttu sem veitingastað í flokki II teg ? fyrir um alls 55 gesti á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits dags. 10. júlí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 15. febrúar 2024, greinargerð Öruggh ehf um brunavarnir dags. 6. febrúar 2024 og skýrsla hönnuðar um sögu Hegningarhússins dags. ágúst 2017.

Stærð Mhl.01: Óbreytt.

Stærð Mhl.02: 204.5 ferm., 671.1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

59. Snorrabraut 54 - USK24070193

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24030337 þannig að útlitsteikningar og sneiðmyndir eru leiðréttir og sýna nú óbreyttan skorstein gamla ketilshússins í húsi Mjólkursamsölnunar á lóð nr. 54 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af innsendum aðalsteikningum.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulnum og stofnerindi.

60. Sogavegur 3 - USK24080309

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23030201 þannig að áður óuppfyllt rými verður innréttað sem þvottahús og aðstaða fyrir starfsmann, einnig verður gerður á stigi á milli hæða og nýr starfsmanna inngangur á vesturhlið 1. hæðar í verslunar- og vinnsluhúsi á lóð nr. 3 við Sogaveg.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.,

Erindi fylgir mæliblað 1.810.1 dags. 23. mars 2023, hæðablað dags. apríl 2011 og eintak af aðaluppdráttum samþykktum 12. desember 2023.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

61. Spítalastígur 4A - USK24090067

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með kjallara á lóð nr. 4 við Spítalastíg.

Erindi fylgir mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.

Stærð: 271,2 ferm., 831 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

62. Stigahlíð 86 - USK23090210

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, 2ja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, að hluta einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu á lóð nr. 86 við Stigahlíð. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 9. september 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. september sl., fylgir erindi. Stærð 385,1 ferm., 1.305,5 rúmm. Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

63. Stálhöfði 2 - USK24050360

Sótt um leyfi til þess að byggja einn matshluta, þrjú 3-6 hæða fjölbýlishús með 145 íbúðum og sameiginlegum bílakjallara á tveimur hæðum með alls 85 bílastæðum auk djúpgáma sem komið verður á þremur stöðum á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Stærð: 19.19.589,6 ferm., 53.998,5 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 4,08

Erindi fylgir uppfærð brunaskýrsla brunahönnunarskýrsla V02 frá Örugger ehf dags. 24. júní 2024, jarðvegsskýrsla Eflu verkfræðistofu dags. 3. júlí 2024, hljóðvistarskýrsla Brekke Strand dags. 3. júlí 2024, mæliblað 4.034.2 dags. 15. ágúst 2022 og hæðablað dags. 20. júní 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

64. Sólvallagata 66 - USK24060387

Sótt er um leyfi til að byggja kvisti og hækka þak um 50 cm á húsi á lóð nr. 66 við Sólvallagötu.

Stækkun: 30,9 ferm., 74,4 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

65. Sólvallagata 68 - USK24060388

Sótt er um leyfi til að byggja kvisti og hækka þak um 50 cm á húsi á lóð nr. 68 við Sólvallagötu.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin.

Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

66. Vatnsvv. Heimahvammur - Niðurrif - USK24090241

Sótt er um leyfi að rífa mhl. 01, 02 og 70 á lóðinni Heimahvammur við Vatnsveituveg.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

67. Vesturgata 66 - USK24090044

Sótt er um heimild til að loka svölum í íbúð 0701 á 7. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr.66 við Vesturgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 31. maí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

68. Vorsabær 2 - USK24050088

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við hús nr. 2 við Vorsabæ.

Stækkun 26 ferm. og 70 rúmm.

Erindinu fylgir svar við fyrirspurn við skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2023.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

69. Þengilsbás 14 - USK24090174

Sótt er um leyfi til að setja upp fjarskiptalofnet á mannvirki við lóð nr.14 við þengilsbás.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

70. Ægisíða 46 - USK24090220

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 46 við Ægisíðu

Erindi fylgir mæliblað 1.555.0 dags.13. febrúar 1952.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál:

71. Smábýli 17 - Kjalarnes - 33.626.5 - USK24070046

Nýtt mæliblað

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 11:30

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**